

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2013****2013/EES/67/11****frá 14. júní 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/477/ESB frá 27. júlí 2011 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum til að taka á tilteknum hættum sem steðja að börnum vegna innri rúllugardína, gluggatjalda með snúru og öryggisbúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„3r. **32011 D 0477**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/477/ESB frá 27. júlí 2011 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum til að taka á tilteknum hættum sem steðja að börnum vegna innri rúllugardína, gluggatjalda með snúru og öryggisbúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/477/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.